



Sigrún Magna Þórsteinsdóttir nam orgelleik hjá Birni Steinari Sólbergssyni á Akureyri. Hún stundaði síðar kirkjutónlistarnám við Tónskóla Þjóðkirkjunnar hjá Herði Áskelssyni. Hún útskrifaðist með kantorspróf frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar árið 2000 og einleiksáfanga frá sama skóla árið 2003. Hún stundar nú mastersnám við kirkjutónlistardeild Konunglega danska tónlistarháskólans í Kaupmannahöfn hjá prof. Bine Bryndorf meðfram starfi sínu sem organisti í Akureyrarkirkju. Hún hefur einnig sótt námskeið bæði heima og erlendis, starfað með fjölda kóra og komið víða fram bæði í einleik og samleik.